



# GEA DairyRobot R9500

Einstaklega skilvirkur: Sjálfvirkar  
mjaltir hvenær sem er



# Dairy Robot R9500

## frábær kostur fyrir mjólkurframleiðslu

Hvort sem um 1 eða fleiri mjaltapjóna er að ræða ákveða kýrnar sjálfar hvenær þær koma til mjalta.

DairyRobot R9500 er fær um að skila þér úrvals mjólkurgæðum auk þess sem hann fer mjókum höndum um spenana. Hann gerir bændum auðveldara um vik að skipuleggja tíma sinn á sveigjanlegri og árangursríkari hátt. Einstök vinnuvistfræðileg hönnun hans auðveldar allt gagnaefirlit sem og meðhöndlun á kúm með sérþarfir. DairyRobot er nánast hægt að klæskerasauma eftir þörfum bóa og hámarka þannig rekstrarhagkvæmni þeirra. Hann er einstaklega fyrirferðarlítill og því auðvelt að koma fyrir í nýjum sem og eldri fjósum.

### ○ Fyrsta flokks mjólkurgæði

Fyrsta flokks mjólk, betri umönnun jógurs og óaðfinnanlegt hreinlæti frá spena að mjólkurtanki

### ○ Skilvirkt vinnuumhverfi

Vistvænt vinnusvæði með notendavænum skjá og leiðsögn

### ○ Viðstöðulaus framleiðsla

Framúrskarandi kerfi tryggir skilvirkni á flæði kúa og skilvirkni í vinnuflæði

### ○ Öruggt samstarf til framtíðar

Fyrsta flokks þjónusta frá þjónustuaðilum GEA um allan heim

### ○ Áreiðanleg fjárfesting

Hámarks mjólkurmagn og lágmarks útfjöld vegna orkunotkunar, aðfanga og viðhalds







# Fyrsta flokks mjólkurgæði

- Hámarks mjólkurmagn
- Yfirburðarumönnun á júgri og spenum
- Spenapvottur sem á sér ekki hliðstæðu
- Einstök meðhöndlun á mjólk



## Samræmd nákvæmni hefst í spenahylkinu

Armurinn í DairyRobot R9500 vinnur stöðugt og sjálfstætt dag og nótt. Kýr eru vanafastar og kunna því vel við staðlaðar og nákvæmar mjaltavenjur í einkar vel hönnuðum mjaltaklefa. Hvert skref – frá ásetningu á spenahylki að örvun á spena, þvotti, þurrkun, formjöltum, mjöltum og að lokum spenadýfu – fer fram í samræmdu og þægilegu ferli sem á sér stað í samfellu – í einni einfaldri ásetningu fyrir hvern spena. Samræmt ferli, einstakt hreinlæti og nærgætnar mjaltir eru lykillinn að góðum mjólkurgæðum!



## Ásetning – Örvun



Fullkomin vernd spena frá byrjun: Í DairyRobot R9500 mjaltaþjóni á allur mjaltaferillinn sér stað í spenahylkinu í einni einfaldri ásetningu. Örvun spena fyrir um leið og spenahylkið er sett á og undirbýr júgrið varlega mjaltirnar.

## Spenavottur – Örvun



Hreinlætisöryggi: Þegar ásetningu er lokið byrjar spenavottur og er fylgt eftir með þurrkun og formjöltum. Kerfi mjólkurnema byrjar strax að greina mjólkina fyrir leiðni, lit og hita.

## Mjaltir



Hámarks mjólkurmagn: Á meðan mjöltum stendur aðlagar léttur mjaltaarmurinn sig auðveldlega að hreyfingum kýrinnar án nokkurs álags á júgrið. Skynjarar mæla mjólkurflæði og mjólkurmagn frá hverjum spena á meðan mjöltum stendur.

## Spenadýfa – Aftaka



Hámarks ummönnum júgurs: Þegar mjöltum lýkur á hverjum spena hefst spenadýfuferlið. Spenadýfunni er dreift jafnt og hagkvæmt um spenann og fellur inn í svitaholur og hrukkur á húð spenans og veitir hámarks vörn gegn júgurbólguþýklum. Með þessari sjálvvirku ummönnum júgursins yfirgefur hver kýr DairyRobot R9500 fullkomlega varin fyrir næstu mjaltir.




#### Gæðaeftirlit í hverjum spena:

##### GEA DairyMilk M6850 frumuneminn

GEA DairyMilk M6850 frumuneminn er sá fyrsti í heiminum sem nemur frumur í hverjum spena fyrir sig í rauntíma í öllum mjóltum. Því er hægt að bregðast strax við óeðlilega hárrí frumutölu. Að sama skapi er hægt að lágmarka meðferðartímann, standa vörð um lækningaferlið og tryggja stöðuga framleiðni og heilbrigða hjörð. Nákvæmt eftirlit frumunemans gerir kleift að fylgjast stöðugt með heilbrigði júgursins.


DairyMilk M6850 er framar öllum öðrum gerðum af nemum sem eru á markaðnum í dag. Hann byggir á einkaleyfisskyldri EPT tækni sem greinir mjólkina stöðugt frá hverjum spena í öllum mjóltum. Þannig eykur hann skilvirkni mjaltþjónsins svo um munar og hjálpar til við að greina júgurbólgu á frumstigi. Þess fyrir utan notar neminn engin aukaefni til að greina mjólkina né rýrir mjólkurmagnið.





### Skilvirk stjórnun hreinlætis

GEA DairyRobot R9500 heldur spenahylkjunum hreinum og tilbúnum fyrir næstu kú. Eftir að spenahylkin eru tekin af færist mjaltaarmurinn strax undir hreinsibúnaðinn. Hér eru spenahylkin hreinsuð að utan og sótthreinsuð að innan með vatni, perediksýru og þrýstilofti auk þess að leifum hreinsiefna er alveg skolað út. Hágæða, örugg og skilvirk sótthreinsun tryggir að víxlsmit milli kúa er afstýrt.



### Skynvædd innri skipulagning

Á meðan kýrnar þínar eru mjólkaðar á þægilegan máta, sér DairyRobot R9500 einnig um stöðugt flæði á fullkomlega ferskri mjólk. Í mjólkurlögnunum eru lokar og tíðnistýrðar dælur sem tryggja að hágæðamjólk streymir liðlega áfram í mjólkurtankinn.





### Fullkomið umhverfi fyrir mjólkurframleiðslu

Kælikerfi GEA hjálpa þér að hámarka árangurinn á þínu býli með skynvæddri sjálfbærri tækni í hreinu og heilnæmu umhverfi. Tíðnistýrðar dælur mjaltaþjónsins flytja mjólkina jafnt og þétt í mjólkurtankinn.

Til viðbótar býður GEA upp á margs konar möguleika til að búa til fullkomið kælikerfi sem hentar þínum umsvifum og þörfum. Frá plötukælum til geymslutanka og endurvinnslu hita. Kætilausnir GEA gera þér kleift að hanna kerfi sem er jafn einstakt og býlið þitt.

Og með biðtönkum og mjólkurtönkum, helst dýrmæt mjólkinn þín örugg og kæld þangað til það er kominn tími til að sækja hana. ICool stýringin á mjólkurtönkunum kælir mjólkina og hrærir upp í henni jafnframt sem hún fylgist með hitastigi allt þar til að mjólkinn er sótt í hvert sinn.



- Kyr kunna að meta rólegar og samræmdar mjaltavenjur sem DairyRobot R9500 veitir þeim
- Hámarks mjólkurmagn og spenadyfa í spenahylkinu tryggja gott heilsufar á allri hjörðinni til langtíma
- GEA mjólkurtankar með skynvæddri stýringu hámarka sparnaðarmöguleika þína og meðferð mjólkurinnar







# Skilvirkur vinnustaður

- Vinnuvistvænt umhverfi og hámarks þægindi fyrir starfsmann og kýr
- Rauntímaskjár og notendavæn leiðsögn
- Sveigjanleg skipulagning á stjórnunarverkefnum
- Snuðrulausir verkferlar



## Snuðrulausir verkferlar

Með nýjustu tækni, gerir GEA DairyRobot R9500 þér kleift að hanna og skipuleggja daglega hjarðstjórnun á skilvirkari hátt en nokkru sinni fyrr. Aðeins þarf að þrýsta á snertiskjáinn til að sjá lykilogðn varðandi framleiðsluna. Vegna þess að það er hægt að samlaga eininguna óaðfinnanlega inn í núverandi hönnun á fjósinu, getur þú fylgst með og annast valin dýr fljótt og auðveldlega. Hægt er að ljúka allri starfsemi í hreinu og skilvirknu vinnumhverfi með nýjustu tækni.


### Hátækniverkfæri snjalls stjórnaða

GEA DairyRobot R9500 er með allar nauðsynlegar aðgerðir á stórum snertiskjá. Í stillingu á beinni sýn er hægt að fylgjast með mjóltunum í rauntíma með auðlæsilegum gröfum. Þú getur einnig fylgst með öllum helstu breytum í framleiðslunni í borðtölvunni. Myndræn samskipti á tölvuskjá auðvelda mjög meðhöndlun og kerfið varar þig sjálfkrafa við óeðlilegum breytingum. Með slíkum háþrúðum hugbúnaði getur þú stjórnað hjörðinni þinni betur en nokkru sinni fyrr.



### Áhersla á aðalatriðin

Stjórnaðinn getur gripið inn í mjaltaferlið hvenær sem er vegna auðvelds viðmóts og hversu greiður aðgangur er að júgranu. Við handásetningu færir mjaltaarmurinn mjaltasamstæðuna í fullkomna stöðu undir kúnni þannig að hægt er að handsetja á nokkrum sekúndum. LED-lýsing með sparkvörn lýsir upp júgur kýrinnar til að auka birtuskilyrði. Kýr með sérþarfir er hægt að meðhöndla á skilvirkari og þægilegri hátt en nokkru sinni fyrr.







- Nútímalegt, tölvustýrt vinnuumhverfi með hreyfanlegt aðgengi eftir þörfum
- Snurðulaus ferli, heilbrigð hjörð og stöðugt mjólkurmagn gera það að verkum að fjárfesting í DairyRobot R9500 skilar sér fljótt til baka







# Viðstöðulaus framleiðsla

- Áreiðanlegt kerfi
- Skilvirkir vinnuferlar og sveigjanleg skipulagning
- Góð yfirsýn á notkun aðfanga
- Þróaðir þjónustupakkar og lágmarks stöðvunartími



## Hugmyndafræði GEA að fullkomnum árangri

Þú getur náð miklum afköstum með því að láta kýrnar ákveða hvenær á að fara í mjaltir. Skömmu eftir uppsetningu, færast ró yfir fjósið, og kýrnar venjast fljótt rólegri og reglubundinni hringrás fóðrunar, hvíldar og mjalta. Sjálfvirkar mjaltir veita aukinn tíma, sem gerir daglega áætlanagerð sveigjanlegri og dagleg störf skilvirkari. Aukabúnaður, svo sem flokkunarhlið og handvirkir stuðningsíhlutir, gera það sérstaklega auðvelt að sinna kúm með vandamál sem krefjast sérstakrar meðhöndlunar. Hvort sem þú ert með einn DairyRobot R9500 eða fleiri í fjósinu, er hægt að stjórna allri mjaltastarfsemi á þægilegan hátt frá einni miðlægri mjalta- og stjórnunarmiðstöð.

## Enn meiri hagkvæmni með fleiri en einum DairyRobot R9500

Hægt er að tengja allt að fjóra DairyRobot R9500 við eina aðfærslueiningu. Á sama hátt þarf aðeins eina sogdælu, loftpressu og tankmjólkur- og kálfamjólkurlögn. Með því að bæta við einum eða fleiri mjaltapjónum eykst skilvirknin og orku- og vatnsnotkun minnkar á hvern DairyRobot R9500 mjaltapjón.

### Betri hönnun, meiri afköst

Skilvirkni hefur batnað enn meira með fjölmörgum hagræðingum í hönnun og myndavélarkerfi í nýjustu kynslóð DairyRobot R9500. Ný lögun inn- og útgangshliða og betri staðsetning klósetts gerir staðsetningu gripa í mjaltaklefanum enn betri. Þá er komin renniloka á fóðurtrogið og lögun þess verið endurbætt. Þetta kemur í veg fyrir sóun á fóðri og minnkar tímann sem kýrin þarf að vera í mjaltaklefanum. Ef allt þetta er lagt saman getur það leitt til 4% meiri afkasta í gegnum mjaltapjóninn.

### Auðveld inn- og útganga og kýrnar koma í kjörstöðu til ásetningar

Rúmgott inngangshlið er hannað til að leiða hverja kú í kjörstöðu til ásetningar. Þegar hliðið lokast fer það í forstillta stöðu eftir breidd viðkomandi grips á sama hátt fer fóðurtrogið í forstillta stöðu eftir lengd gripsins.

Eftir mjaltir snýst fóðurtrogið til hliðar og rennilokan lokar troginu sjálfkrafa. Nú er engin ástæða fyrir kúnna að dvelja lengur í mjaltaklefanum þar sem hún hefur ekki lengur aðgengi að fóðri. Þó er hægt með sérstakri stillingu að lengja íverutíma gripa í mjaltaklefa ef þær eru seinar að éta fóðurbætinn.





### Hátækni mjaltaarmur

Samhliða því að vera ákaflega sterkur og áreiðanlegur er mjaltaarmur GEA líka ótrúlega léttur. Ofursveigjanleg plasthlíf heldur búnaðinum hreinum, og ef kýrin sparkar, sér svörunarbúnaður um að færa arminn frá. Hægt er að hafa stillingu mjaltaarmana lausa eða fasta án þess að möguleiki sé á því að spenahylki snerti gólfð. Það kemur í veg fyrir að skítur og önnur óhreinindi berist í mjólkina og veitir þannig kjörumhverfi fyrir hreina og heilnæma mjólkurframleiðslu.



### Örugg og hraðvirk ásetning

G5 TOF (Time of Flight) myndavél á mjaltaarminum nemur stöðuna á spenunum fyrir ásetningu. Vegna þess hve háþrúð myndavélin er getur hún tryggt nákvæma og áreiðanlega ásetningu á nokkrum sekúndum.









#### Fyrirferðarlítill og frábærlega hönnuð

Aðfærslueiningin inniheldur alla íhluti sem sjá mjaltþjóninum fyrir spenadýfu og þvottaefnum sem og vatni og þrýstilofti. Hún stjórnar einnig flæði mjólkurinnar í mjólkursíurnar, biðtankinn og mjólkurtankinn.

#### Stýring á kálfamjólk

GEA DairyRobot R9500 stýrir kálfamjólk á auðveldan hátt. Með örfáum aðgerðum er hægt að skilja frá mjólk frá kú til kálfaeldis. Þetta er hægt að gera með tvennu móti, annars vegar getur DairyRobot R9500 sent mjólkina í kálfafóstru/kálfafötu eða hins vegar í kálfabar með mismunandi margar kálfafötur. Kerfið tryggir á snjallan hátt að kálfarnir fái sitt og séu vel nærðir; fái öll þau næringarefni sem þeir þurfa til að vaxtar og verða heilbrigðir og sterkir.



#### Biðtankur, engin truflun á mjóltum

Þegar mjólkinn er sótt og mjólkurtankurinn er þveginn er engin stöðvun á mjóltum. Sjálfvirka mjaltakerfið heldur einfaldlega áfram mjóltum og safnar mjólkinni tímabundið í biðtankinn. Kýrnar geta haldið sínum daglegu venjum og það fer ekki dropi af mjólk til spillis.






### Passar nákvæmlega í fjósið þitt

DairyRobot R9500 er fyrirferðarlítill en rúmgóður fyrir kýrnar og því auðvelt að koma honum fyrir í fjósinu þínu og bæta jafnframt vinnufyrirkomulagið.

Hægt er að koma fyrir flokkunarhliði eftir mjaltir hvort sem 1 eða fleiri mjaltabjónar eru í fjósinu. Gripirnir eru leiddir áfram að flokkunarhliði sem flokkar gripi með sérþarfir inn í frátökusvæði, inn í hjörðina eða aftur inn á biðsvæði ef það er til staðar. Með þessu móti er hægt að spara tíma og minnka fyrirhöfn.


Stýrð umferð skiptir fjósinu niður í svæði og skapar jafnvægi í fóðrun, hvíld og mjóltum gripanna.




DairyRobot R9500 með flokkun inn á biðpláss og flokkun eftir mjaltir

Einnig er hægt að skipuleggja fjósið með frjálsri umferð gripanna. Kýrnar hafa óhindraðan aðgang að mjaltabjóninum, fóðurganginum og legusvæði á öllum tímum sólarhringsins.

Einn mjaltabjónn með flokkun eftir mjaltir







Þrír mjaltapjónar með flokkun eftir mjaltir

- |                                  |                                         |
|----------------------------------|-----------------------------------------|
| A - Skrifstofa                   | G - 3 x DairyRobot R9500 – hægri útgáfa |
| B - Mjólkurhús                   | H - Biðsvæði                            |
| C - Tæknirými                    | I - Flokkun fyrir mjaltir               |
| D - Flokkunar- og meðferðarsvæði | J - Flokkun eftir mjaltir               |
| E - Fóðurgangur                  | K - Legusvæði                           |
| F - Kýr með sérparfir / nýbærur  | L - Aðfærslueining                      |



- Á þennan hátt sparast tími og sveigjanleiki í daglegum störfum eykst
- Verkfæri til að fylgjast með og veita þér upplýsingar um notkun aðfanga og viðhalda fullu gagnsæi með fljótvirkum hætti







# Öflugt samstarf til framtíðar

- Fyrsta flokks þjónusta
- Alþjóðlegt net
- Þjónustupakkar og þjónusta með netsamskiptum



## Sameiginleikur vöxtur og arðsemi

Viðurkenndir umboðsaðilar GEA vinna með mjólkurframleiðendum um heim allan, til að tryggja að við sem framleiðandi búnaðar fyrir kúabændur séum samstíga vaxandi og breytilegum þörfum greinarinnar. Lausnir okkar og þjónusta eru hannaðar til að mæta einstökum þörfum bænda. Við ásamt okkar samstarfsaðilum GEA vinnum með þér til að ná sem bestri arðsemi og vexti búans.

### Afburða tækni og þjónustuvæn hönnun

Notendur DairyRobot R9500 geta haldið ró sinni þegar kemur að þjónustu og viðhaldi. Gegnheil og sannreynd mjaltatækni GEA tryggir hámarks afköst og langvarandi notkunartíma. Þægileg hönnun varðandi viðhald veitir beinan aðgang að íhlutum á meðan á notkun stendur. Hægt er að framkvæma greiningu á netinu til að hámarka afköstin og jafnframt að skipta um varahluti með stuttum stöðvunartíma. GEA veitir bestu skilyrði fyrir fljótvirkt viðhald með litlum kostnaði til að halda stöðvunartíma í lágmarki!





### Áreiðanlegur samstarfsaðili frá byrjun

Ákvörðun þín um að velja DairyRobot R9500 markar upphaf gefandi samstarfs við GEA. Frá upphafi munt þú upplifa fullkomna þjónustu gegnum alþjóðlegt net okkar af viðurkenndum söluaðilum GEA.

Þjónustuaðili GEA veitir þér ráðgjöf í öllum málum varðandi skipulagningu, háværkun framleiðsluferla og stýringu hjarðar, jafnvel áður en að uppsetningu kemur. Þegar kerfið er komið upp og í gang, tryggja sérþjálfaðir starfsmenn GEA stöðugan stuðning með þjónustusamningi:


- Sérhæfðir þjónustuaðilar
- Stuðningur og þjónusta með reglulegu millibili og viðhald í samræmi við þjónustupakka
- Þjónustuborð allan sólarhringinn alla daga
- Allir varahlutir á lager og neyðarvarahlutir í öllum landshlutum
- Stöðug þjálfun starfsmanna í þjónustu til að tryggja sérhæfða þjónustu og þekkingu


### FarmView

Hugbúnaðarlausn gefur nákvæmar upplýsingar um frammistöðu mjaltapjónsins og tilkynnir samstundis um misræmi. Tölvan heldur utan um alla viðhaldsvinnu og daglega frammistöðu. Með fjargreiningu er hægt að meta afköstin og betrubæta sé þess kostur. Þú munt njóta ávaxtanna af því að nýta alla getu kerfisins og skjóts viðbragðstíma. Með þjónustusamningi frá söluaðila GEA, munt þú einnig njóta góðs af samþættum þjónustuheimsóknum



- Háþróaðir þjónustupakkar tryggja lágmarksstöðvunartíma
- Hámarks nyt með lágmarksútgjöld vegna orkukostnaðar, aðfanga og viðhalds
- Ráðgjöf sérfræðinga 365 daga á ári
- Einstök mjalta- og stjórnunarmiðstöð með virtri sérfræðipekkingu GEA í mjaltatækni







# Minnisatriði

Blank lined area for notes, consisting of 25 horizontal lines.

## Við höldum okkar gildum á lofti.

Yfirburðir · Ástríða · Heilindi · Ábyrgð · GEA-fjölhæfni

GEA Group er alþjóðlegt tæknifyrirtæki með margra milljarða sölu og rekstur í meira en 50 löndum. Fyrirtækið var stofnað árið 1881, og er einn af stærstu seljendum háþróaðs búnaðar og framleiðslutækja.

GEA Group er skráð í kauphallarlista STOXX® Europe 600.